

- 1**
2. febr.
- II. Lyflæknisfræði.
 - III. Yfirsetufræði (ars obstetricia).
 - IV. Heilbrigðisfræði (hygienica).
 - c. Verklegar prófgreinar:
 - I. Handlæknisaðgerð (operatio chirurgica).
 - II. Handlæknisvitjun (Clinica chirurgica).
 - III. Lyflæknisvitjun (clinica medicinalis).

Þetta birtist hjer með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. febr. 1922.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson

2
13. febr.

Konungleg auglýsing

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
 Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
 Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael

Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi **2**
þangað til Vjer komum heim aftur. 13. febr.

Gefið á Amaliuborg, 13. febrúar 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Konungleg auglýsing

3
16. febr.

um

að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim kominn úr ferð Vorri
til Svíaríkis, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kærú og trúu þegnum,
að Vjer höfum sjálfur í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer 13. þ. m.
samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra
sambandslaga 30. nóv. 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri syni
Vorú elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik
Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gefið á Amaliuborg, 16. febrúar 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.